

## AUGLÝSING

167

29. des.

### um notkun heimildar laga til að innheimta með álagi gjald af innlendum tollvörum.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt lögum nr. 93 29. des. 1948 um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að innheimta á árinu 1949:

1. Með 600% álagi gjald af öli samkvæmt 3. tölulið 4. kafla 2. gr. laga nr. 60 1939.
2. Með 550% álagi gjald af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið sama kafla.
3. Með 450% álagi gjald af öðrum tollvörum samkvæmt lögnum.

Undanþegið hækkun þessari er gjald af kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla 2. gr. laganna.

*Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1948.*

**Jóhann P. Jósefsson.**

*Magnús Gíslason.*

## REGLUGERÐ

168

23. des.

### fyrir læknisvitjanasjóð Árneshrepps í Strandasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Árneshrepps og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 54 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja íbúa Árneshrepps til læknisvitjana eða auðvelda þeim lækniþjónunina á annan hátt, svo og að létta undir með sjúkraflutninga, eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórninn í Árneshreppi og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd Árneshrepps. Hreppstjórninn er formaður sjóðstjórnarinnar, en stjórnin kys reikningshaldara og gjaldkera sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tillag ríkissjóðs, er nemur á ári 2 kr. á hvern íbúa hreppsins.
2. Tillag hreppsins, er nemur á ári 1 kr. á hvern hreppsíbúa.
3. Tillög hreppsíbúa, er nema 2 kr. á mann á aldrinum 16 til 67 ára.
4. Aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

5. gr.

Að liðnu hverju almanaksári og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár, úthlutar sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum, að fengnum umsóknum þeirra, er styrks æskja. Umsækjendur sendi umsóknir sínar ásamt kostnaðarreikningum til formanns sjóðstjórnarinnar eigi síðar en 20 janúar.

6. gr.

Tillagi ríkissjóðs, samkv. 1. tölulið 4. gr., ásamt tilskyldu þriðjungsframlagi á móti, má aðeins verja til styrktar hreppsíbúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Hreppsíbúar njóta að jafnaði læknisvitjanastyrks í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum á árinu. Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrk, sem lengst og